


Listmálarafélagið er nú komið af stað enn einu sinni og leggur undir sig vestursal Kjarvalsstaða. Þar sýna 18 félagar 60 málverk, flest oliumálverk, en einnig akrýl- og vatnslitamyndir. Ólíkt því sem áður var fóru forsvarsmenn Listmálarafélagsins gætilega í sakirnar þegar þeir fengu nýlega tækifæri til að skilgreina sérstöðu sína í útvarpinu. Það lá við að þeir væru einum of högværir. A.m.k. fékk maður að vita það að hér væru einungis á ferðinni málarar sem kysu að sýna saman, en ekki „hið guðdómlega crème de la crème“ íslenskrar listasögu sem fyrir nokkrum árum ætli-

Pétursson kemur t.d. á óvart með ágætum akrýlmyndum sínum. Þær eru sumar prýðilega málaðar, en tapa ögn flugi vegna jafnrar stærðar og staðlaðs frágangs. Hvers vegna ekki að ráðast í stærri fleti og ákveðnari? Það gerir Elías B. Halldórsson með ágætum árangri í þremur stórum abstraktverkum sem eru með þeim betri á sýningunni. Að ég tali nú ekki um Kristján Davíðsson með stóran, nafnlausan himnbláma beint gegn innganginum. Kristjáni tekst að gera furðulegustu hluti með þessum sörlumbláa lit sínum, sem flæðir um allan flötinn. Svona verk eru afraksverk.

Hins vegar eru hlutirnir eitthvað meira á reiki hjá Hafsteini Austmann. Hann er ein-



Frá sýningu Listmálarafélagsins. Ljósmynd: Valdis.

Listmálararar fylkja liði á Kjarvalsstöðum

Margbreytileg en misjöfn sýning

aði sér að frelsa kúnstina úr klóm hinnar satanísku framúr-stefnu.

Það er erfitt að svara því hvað valdi slíkum sinnaskiptum. Eitt er víst að Listmálarafélagið er undarleg modusda góðra- og meðalgóðra listamanna. Sumir félaganna eru málarar af guðs náð, en aðrir eru það frekar af vilja en mætti. Meðaltalið er því ósköp mikið miðlungsmod, þar eð fleiri eru kallir en útvaldir eins og gengur og gerist.

Þrátt fyrir það er þetta fremur góð sýning þótt ekki sé hægt að segja að hún sé beinlínis spennandi. Kríngum „risann“ Svavar Guðnason hverfast minni spámennt, en þar á meðal má kenna marga góða málara. Pétur Már

hvern veginn að reyna að tæma tæmdan bikar Parísarskólans og þessi verk eru farin að sveiflast



HALLDÓR B. RUNÓLFFSSON

ískyggilega yfir á skreytilistarihljóða án þess að þangað sé stefnt. Svipað er Steinþóri Sigurðssyni varið og e.t.v. í enn ríkari mæli. Þessi eftirstríðsstefna er dauð og það fyrir löngu og hefur kannski aldrei verið lifandi nema í sögusögnum.

Enn ómerkilegri finnessur þjaka

samt málverk Benedikts Gunnarssonar. Það er einhver auglýsingabragur yfir verkum hans sem vart sést lengur nú orðið, en þótti nothæfur meðan hann var og hét á 6. áratugnum. Í þennan pytt hrasa þau ekki, Einar Þorláksson og Guðmunda Andrésdóttir. Málverk þeirra eru þrátt fyrir allt laus við Parísarpjattið eins og það gerðist verst. Hins vegar skortir í verk beggja þann þunga sem gerir list að mikilli list. Verk Einars eru líkt og veikir endurómur frá abstraktúrrealískum verkum Mirós á millistríðsárunum og Guðmundu vantar allt flug, en einkum það flug sem kennt er við hugmyndir.

Betur væri að þau tækju Jóhannes Jóhannesson sér til fyrirmyndar. Þar er maður með bar-

áttuvilja og seiglu, en slíkt þarf til að fást við sömu formgerðina í langan tíma þannig að einhverju sé skilað til áhorfandans öðru en endurteknu tómahljóði.

Hinir hlutlægu eru e.t.v. jafnbetri en abstraktmálararnir, en þó rísa verk þeirra sjaldan hátt og engan Svavar er að finna í þeirra hópi. Þeir Einar Hákonarson og Bragi Ásgeirsson eru eins konar millistig milli hins abstrakta og figúratíva. Bragi er að vísu með óhlutbundnar myndir, en þær eru í ætt við fyrri verk hans í poppkennidum anda. Þetta eru ekki rismikil verk og segja lítið um listamanninn og enn minna um ætlan hans. Einar er einnig nokkuð óljós í eina verkinu sem eftir hann er á sýningunni. Ég hef séð mun betri verk eftir hann í þessum anda.

Miklu meira sannfærandi eru hinir hreinu og kláru landslagsmálarar; bræðurnir Sigurður og Hrólfur Sigurðssynir. Sigurður sýnir vandaðar landslagsmyndir, sumpart í anda Kjarvals og Jóns, en persónulegar þrátt fyrir allt, meðan Hrólfur fylgir hinum hefðbundna cézannisma í túlkun sinni á íslensku landslagi. Þetta eru vandaðir málarar, sem er allnokkuð nú á tímum.

Valtýr Pétursson heldur sig einnig við landslagið og nær sífellt betri tókum á þeim stíl sem hann tók ástfóstri við fyrir allmörgum árum og kostaði hann þá töluverða glímu. Hins vegar verður að segja það um Jóhannes Geir að ekki hefur hann haft árangur sem erfiði. „Flóð í Elliða-

ám“ mun hafa verið sex ár í vinnslu og virðist það næsta ótrúlegt, svo ósannfærandi er útkom- an. Þótt hin verkin séu skárra er einhver yfirborðsblær yfir þeim hversu mjög sem listamaðurinn reynir að hengja við þau þjóðlegan sveitasælu hátt.

Einar G. Baldvinsson er miklu sannferðugri í kreppumálverkum sínum og tekst með virkilegum elegans að færa áhorfandann aftur til loka fjórða áratugarins og byrjunar þess fimmta. Að vísu er það með hjálp þeirra stílbrigða sem Snorri Arinbjarnar innleiddi í íslenskt málverk, en enginn fær gert við því. Ekki er hægt að vita menn fyrir söknuð eftir liðnu list-skeiði, síst ef þeir túlka þann söknuð af smekkvísi.


Hins vegar vantar allan slíkan dýpri hljómgrunn í verk Gunnlaugs St. Gíslasonar. Þar er það keppnin við ljósmyndavélina sem liggur til grundvallar. Spurningin snýst því aðeins um það hvor sé nákvæmari; listamaðurinn eða ljósmyndavélin. Þegar Gunnlaugur er annars vegar er það engin spurning. Hins vegar er tími til kominn að hann fari að takast á við flóknari hluti en fjöruna með sínum fyrirfram fögru effektum.

Það má með sanni segja að sýning Listmálarafélagsins sé margbreytileg. Í heild eru hlutbundnu málararnir jafnbetri en hinir óhlutbundnu. En þegar tekið er mið af Svavari Guðnasyni og öðrum þeim sem rísa hæst á þessari sýningu, má sjá að hið abstrakta hefur vinning þrátt fyrir allt.

Höggmyndir og orðdaleikir

Örn Ingi sýnir á gangi Kjarvalsstaða

Nú er algjört sýningarmet á Kjarvalsstöðum; hvorki meira né minna en fimm sýningar í gangi á tíma þegar venjulega hefur dregið úr sýningum vegna birtu og sumaryls. Júní er oftast sá mánuður þegar ládeyðan hefur inngöngu sína í gallerí og söfn, enda kvarta margir yfir því að þá dragi úr heimsóknum fólks í sýningar-sali og sé því vísast að loka þeim fram að hausti.



En þetta virðast óvenjulegir tímar og ýmislegt tekur nú örrari breytingum en oft áður. Hefðin lætur undan og nýir síðir skjóta upp kollinum í listabransanum líkt og annars staðar. Örn Ingi er þó samur við sig, kominn enn einu sinni til Reykjavíkur með sýningu sem hann kallar „Sviðsmyndir í tilveru lífs og dauða“.

Þetta er sýning fjörutíu og tveggja mynda sem flestar eru höggmyndir. Eins og fyrri daginn eru samsetningar áberandi og sækir Örn Ingi efnivið sinn langt út fyrir hinn listræna heim ef svo ber undir. Reyndar minna aðföng hans töluvert á aðföng súrrealistanna gömlu, þegar þeir dattu í lukkupottinn á skransölum eða útímörkuðum Parísarborgar. En þar sleppir samanburðinum, því samsetningar Arnar Inga eru yfirleitt rökræns eðlis; þær má útlista samkvæmt tilvisunum í efni og útlit. Sam-suður súrrealistanna voru í hæsta máta órökrænar og tilviljun ein

réd hvað hvert atriði verksins táknaði.

Þó er ekki þar með sagt að verk Arnar Inga verði lesin ofan í kjölinn eins og gátur eða málshættir. Öllu heldur leiða meginatriði þeirra áhorfandann inn á ákveðna braut og með hjálp nafngifta má geta í eyðurnar. Gjarnan er um orðdaleiki að ræða og vísa orðin til hlutanna í verkunum eða öfugt.

Sú breyting hefur samt orðið á að trésmíði er orðin fyrirferðarmeiri í verkum listamannsins og því verða höggmyndir meira áberandi en áður. Reyndar bendir Örn Ingi sjálfur á þetta í sýningar-skrá. Þetta er athyglisverð þróun og krefst mun ákveðnari og fagurmannlegri vinnubragna en fyrri samsetningar. Enda lætur árangurinn ekki á sér standa eins og sjá má í veglegu og ógnvekjandi líkneski af drekanum Fáfní sem listamaðurinn kallar „Verndarinn“. Ófreskjan vakir yfir gylltum eggjum, trúlega

fjörgögjum þjóðarinnar og blakar vængjum.

Hægt er að leggja út af verki þessu á margan hátt og er auðveldast að skilja samlíkinguna með samanburði á örnefnum sem tengja söguna um Rínargull- ið í Völsungakviðu íslenskrí nótímasögu. Gnitaheidi verður t.d. Miðnesheiði o.s.frv. Þannig er hægt að rekja táknmál „Verndarans“ eins langt og mönnum sýnist og rifja um leið upp hin gömlu sannindi að „margur verður af aurum api“, en það er reyndar annað verk á sýningu Arnar Inga.

Verk þessa norðlenska listamanns eru sérstæð og persónuleg. Þau eiga sér ákveðið myndmál og táknmál sem stundum minnir á list Súmaranna, þeirra Magnúsar Tómassonar og Jóns Gunnars Árnasonar. Af þeim hefur Örn Ingi lært ýmislegt, en bætt um leið við sínum eigin frásagnarháttum ásamt persónulegu handbragði og hómor.

HBR

„Kæra Reykjavík“

að Kjarvalsstöðum

„Kæra Reykjavík“ er yfirskrift grafíksýningar sem Tryggvi Arnason opnaði um síðustu helgi að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru á 6. tug mynda, gerðar með sáldþrykks- (silkiprykks-) og mezzótintutækni. Eins og yfirskrifin bendir til er obbinn af sýningunni helgaður Reykjavík þar sem Tryggvi sleit barnsskólum og lærði að meta feegurð og töfra gömlu hverfanna (skv. viðtali við Hildi Einarsdóttur í Mbl. 2.6. 1985).

Restin fjallar um alls óskylda hluti, s.s. Monu Lísu Leonardos, sem Tryggvi þrykkir í anda Warhols „á la Marilyn Monroe“ og kallar enda „Monroe“. Þá eru önnur sáldþrykksverk, sum hver nokkuð flókin í tæknilegum

skilningi, þar sem litgreining og gróf röstun gefa verkunum vissst fagurfræðilegt gildi. Þá eru 11 mezzótintur sem hverfast um kvenlíkamann og konuna og eru e.t.v. flóknustu myndir sýningarinnar að inntaki.

Það er greinilegt að Tryggvi hefur mikið dálati á sáldþrykki og hefur víðað að sér miklum tæknilegum fróðleik um möguleika þess. Allt frá því að Warhol og Rauschenberg gerðu ljósmyndaprykkið að adalatriði myndverka sinna í upphafi 7. áratugarins, hefur þessi tækni heillað myndlistarmenn sökum sláandi auglýsingamáttar síns. Það er eitthvað gripandi við þennan framsetningarmáta sem

Framhald á bls. 14